

AUGLÝSING

um friðlýsingu Víghólasvæðis í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, hefur Náttúruverndarráð, að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs og í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Víghólasvæði í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Friðlýsta svæðið umhverfis Víghól afmarkast að sunnan, vestan og norðan af lóðamörkum aðliggjandi húsa og af lóðamörkum og bílastæði að austan. Mörkin fylgja hnitapunktum skv. hnitaskrá, sem fylgir með í viðauka, sbr. einnig kort bæjarverkfræðings í Kópavogi nr. 31-9/L-7 frá febrúar 1982, og eru beinar markalínur á milli hnitapunkta.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er bæjarstjórn heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að láta planta skjólgróðri, leggja gangstíga, setja upp bekki og annan búnað í þágu útvisrar á svæðinu.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 23. nóvember 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.

Viðauki.**Hnitaskrá:**

NR.	X	Y
501	19837.704	14157.140
502	19815.332	14155.539
503	19814.618	14165.514
504	19726.818	14159.231
505	19728.816	14131.302
506	19737.858	14131.949
507	19746.147	14029.540
508	19874.599	14039.936
509	19876.094	14040.057
510	19873.108	14076.943
511	19843.548	14075.465